



Grein birt í ritinu Nyt fra Ísland um Ólaf Thors, 1961-1962

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Ræður – Ólafur Thors – Nyt fra Ísland – Rit – Tímarit – Grein –
Blaðagrein – 1961 - 1962

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-4, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I ritinu " Nyt fra Island udgivet af dansk Islandske
samfund 1961-2, 2. árg. síðu 36 og 37 birtist greinin
Islandske portræt um Olaf Thors, forsætisráðherra,
eftir Bjarna Benediktsson. I íslenzkri þýðingu er
greinin svohljóðandi:

Olafur Thors er nú forsætisráðherra í fimmta
skipti. Aður fyrri hefur hann þrisvar sinnum setið
í stjórnum undir forsæti annarra. Mikil vinna og
margháttuð reynsla eru að baki þessara mörgu
og langvinnu trúnaðarstarfa. Þau eru vitni þess
trausts, sem hann nýtur og hefur notið í senn hjá
þjóðinni í heild og sínum eigin flokki.

Olafur Thors var kosinn til Alþingis á árinu
1925. Hann var þá einungis 33 ára gamall og hefur
ætið síðan verið þingmaður. Hann varð strax einn
af forystumönnum í flokki sínum, Íhaldsflokknum,
sem var stærsti flokkur landsins. Á árinu 1929
hafði hann forystu um, að Íhaldsflokkurinn sam-
einaðist Frjálslynda floknum, sem var arftaki
gamlar Sjálfstæðisflokksins og undir því nafni sam-
einuðust flokkarnir tveir. Á árinu 1934 varð Olafur
Thors formaður flokksins og hefur síðan gegnt því
starfi. Flokkurinn hefur ætið verið sá stjórnála-
flokkur, sem hefur fengið flest atkvæði við kosningar.
Hann hefur notið stuðnings kjósenda úr öllum stéttum.
Vegna kjördæmaskipunarinnar var flokkurinn hins
vegar lengi einungis næst stærsti flokkur á Alþingi.

Hverjir eru þeir eiginleikar, sem hafa tryggt
Olafi Thors sína frábæru stöðu í íslenzkum stjórn-
málum og hana styrkt stöðugt.

I Sæmundar-Eddu segir:

Sumr er af sonum sæll,
sumr af frændum,
sumr af fé ærnú,
sumr af verkum vel.

Segja má um Olaf Thors, að gæfa hans
eigi ekki rætur sínar að rekja einungis til eins
þeirra eiginleika, sem í vísunni eru taldar; hún-
sprettur af þeim öllum saman, því að hann hefur
hlotið þá alla. En allir hlutir hafa einnig sína
skuggahlið.

Faðir Olafs Thors var Thor Jensen, sem
kornungur og örsnauður kom til Islands frá Danmörku;
hann varð meiri framkvæmdamaður í íslenzku at-
hafnalfí en nokkur annar, sem lifað hefur á Íslandi.
Kona hans, sem var íslenzk, var frábær skörungs-
kona, og hinir fjölmörgu afkomendur þeirra hafa
borið af í íslenzku þjóðfélagi. Allir vita, að ómetan-
legt er að vera kominn af góðu foreldri og njóta stuðn-
ings sterkra ættingja. En lengi dundi á Olafi Thors,
að hann væri sonur auðugs Dana og að ættingjar
hans skipuðu svo margar forystustöður að úr hófi
væri í okkar litla þjóðfélagi. Nú er þó langt síðan
þessar raddir hafa heyrzt, því að nú viðurkenna
allir, að Olafur Thors hefur nægan styrk í sjálfum sér

Urslitum hefur ráðið, að hann er sæll af verkum
vel. A þeim 35 árum, sem Olafur Thors hefur verið
forystumaður í íslenzkum stjórnámum, hafa orðið
meiri breytingar í íslenzku þjóðlifi en nokkru sinni
fyrr. Sá einn hefur getað haldið forystunni öll þessi
ár, sem til hefur haft að bera marga góða kosti bæði
persónulega og málefnalega.

I nábýlinu á Íslandi hefur stjórnmálabaráttan oft orðið um of persónuleg. Er Olafur Thors var í fyrsta skipti kosinn þingmaður á árinu 1925 var andstæðingur hans, núverandi sendiherra Islands í Oslo, Haraldur Guðmundsson, sem síðan varð foringi Alþýðuflokkssins. Kosningabarátta þeirra vakti strax athygli vegna þess hversu málefnaleg hún var og laus við persónukrit.

Olafur Thors hefur á löngum starfsferli leyst mörg vandamál, annaðhvort einn eða með öðrum. Þar með hefur þróun þjóðarinnar verið mörkuð í aðalatriðum á þessum árum. Ef telja ætti upp öll þessi mál yrði að skrifa sögu Islands þetta tímabil. Víst er að árangurinn hefði ekki orðið jafn góður og raun ber vitni, ef ekki hefði verið að unnið með miklum málefnaáhuga og náinni þekkingu á aðstæðum. Olafur hefur þó að sjálf-sögðu einkum fengizt við meðferð hinna mikilverðustu mála.

Þess vegna hefur komið fyrir, að kjósendur hans kvörtuðu yfir, að hann skipti sér ekki eins mikið af málefnum þeirra og hann hefði átt að gera og að hann þekkti kjördæmi sitt ekki nógu vel.

Þess vegna bar það einu sinni við, að einn af mótframbjóðendum Olafs Thors kynnti hann fyrir kjósendum á stórum fundi í stærsta bænum í kjördæminu og skýrði það með því, að einungis fáir þekktu hann á þessum slóðum. Sjálfur segir Olafur Thors þá sögu, að þegar að hann á fundi í kjördæmi lofaði, að nú skyldu þeir bráðum fá rafmagn, þá fó einn fundarmanna og kveikti rafmagnið. Rafmagnið hefði skjalsatn Þjóðarhléf fyrirkissan Ólafur Thors háði Reykjavíkur

Þó að kjósendur Olafs Thors hafi stundum talið, að hann ætti að skipta sér meira af málefnum þeirra, þá vita þeir þó, hversu umfangsmikið starf hans er eins vita þeir og að, þegar á reynir, er enginn, sem er fúsari til að leysa vanda hvers og eins en Olafur Thors. Hin mikli og alhliða skilningur hans á öðrum mönnum hefur gert honum mögulegt að finna lausnir á vándamálum, sem aðrir réðu ekki við. Hin nána þekking, sem hann á æskuárum fékk á margháttuðum framkvæmdum og viðskiptum, studd af athöfnum hans sjálfss í þessum efnum, ásamt nærfærnum skilningi á kjörum hinna lakar settu í þjóðféluginu, hafa gert honum mögulegt að verða að sameiningaraflí bæði í sínum eigin flokki og öllu þjóðféluginu. Auðvitað hefur hann ekki komið hjá því að fá andstæðinga. Síkt er óhjákvæmilegt fyrir alla skörunga, sem vilja koma hugsjónum sínum fram. Þegar á miklu veltur sameinast hans persónulegi kraftur áhuganun fyrir málefni og leiðir til lausnar. Þá leggur Olafur Thors sig fram með sannfæringarkrafti, sem fáum er gefinn, - sannfæringarkrafti, sem nýtur sín ágætlega í ræðustóli en e.t.v. ennþá betur í fundaherbergi eða við samningaborðið. En krafturinn er mildaður af gáska, sem beinist jafnt að honum sjálfum og öðrum. Fyrir kann að koma að í ákafa sínum til að ná lausn sannfæri hann sig um, að hann hafi náð máli sínu fram, þó að lausni að vissu leyti verði önnur en hann, í fyrstu hafði ætlað sér.

Sumir telja að menn megi aldrei láta undan í stjórnmálasamningum. En lýðræðið byggir á sáttfýsi og undanlátsemi frá allra hálfu, þó að aldrei megi láta af réttu máli. Í þessari erfiðu viðleitni hefur Olafur Thors verið forystumaður í hér um bil mannsaldursskeið. Eg held að ekki sé efi á, að hann hafi fundið hið rétta meðal-hóf og sá tími, sem hann öðrum fremur hefur sett mótt sitt á, verði ætíð talinn mikil-fenglegur kafli í sögu Íslands.